

## **Fundargerð 77. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

**Dagsetning: mánudagur 7. nóvember 2016 kl. 16:30**

**í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Viðstaddir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sigríður Finsen (fundarstjóri í fjarveru Bjargar Ágústsdóttur), Sigrún Ólafsdóttir, Hilmar Már Arason, Lena Hulda Örvarsdóttir fulltrúi nemenda, Helga Guðmundsdóttir á símafundi og Erna Guðmundsdóttir fulltrúi kennara sem ritaði fundargerð. Björg Ágústsdóttir formaður, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri boðuðu forföll.

Sigríður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

### **1. Skólahald haust 2016**

#### **a. Rekstrarstaða**

Hrafnhildur upplýsir um að rekstrarstaða skólans sé í lagi.

##### **a. Nemendafjöldi – nemendagildi**

#### **b. Skóladagatal, verkefnadagar, námsmat og umsagnir/próf**

Allir formlegir prófdagar hafa verið teknir út sem og lotuskil á miðri önn. Í staðinn fá nemendur þrisvar sinnum umsagnir yfir önnina í hverjum áfanga, þ.e. bókstaf sem stendur fyrir A, sem þýðir að nemandi er í góðum málum, B, nemandinn þarf að taka sig á og C sem þýðir að nemandinn er í fallhættu ef ekki verður breyting á ástundun. Hrafnhildur segir frá lokaverkefnisdögum í stað prófa í annarlok.

#### **c. Innritun og nemendafjöldi**

Innritaðir nemendur rétt um 200 á þessari önn. Í haust innrituðust færri nýnemar en reiknað hafði verið með. Nýnemar eru 52 í dag.


#### **d. Nýjar námsbrautir – Nýir áfangar – Valtímabil fyrir vorönn 2017**

Nýjar námsbrautir eru um það bil að fá samþykki ráðuneytisins. Kennt hefur verið eftir nýjum námsbrautum frá vorönn 2014. Til að byrja með voru þetta fáir áfangar, en nú eru allir áfangar til í námskrárgrunni.

Valtímabili lauk föstudaginn 4. nóvember þrátt fyrir að ekki séu alveg allir nemendur búnir að velja.

#### **e. Starfsemi nemendafélags FSN**

- I. Nýnemadagur - Lena segir frá nýnemadegi og að ekki hafi verið eiginleg busun heldur hafi nemandur í raun busað sig sjálfir. Nýnemadagur endaði á nýnemaballi sem gekk mjög vel. Lena segir að í fyrra þegar hún var nýnemi hafi verið ákveðin áskorun að taka þátt og möguleika á að vinna titilinn busi ársins.



- II. West Side – það seldust 103 miðar úr okkar skóla en þá hittast skólarnir af Vesturlandi. Íþróttakeppni og Morfískeppni lauk með jafntefli og svo var ball um kvöldið.
- III. Ég kýs – nemendur fengu átta stjórnmalaflokka þar sem nemendur spurðu fulltrúa flokkanna um það sem brann á vörum þeirra. Lena nefnir að það hefði þurft að vera svolítið lengri tími.
- f. Starfsmannamál  
Vegna langveiks starfsmanns á haustönn 2016 hafa aðrir kennarar tekið að sér aukavinnu. María Kúld er kominn aftur til starfa og er í 75% kennslu. Eydís hefur verið ráðinn deildarstjóri á Patreksfirði en Anna Vilborg fór í launalaust leyfi í eitt ár. Freydís og Kristín Lilja tóku að sér kennslu Kristínar Rósar en hún er í fæðingarorlofi.
- g. Kvíabryggja  
Nemendum á Kvíabryggju hefur fækkað en þó eru alltaf nokkrir nemendur þar. Birta námsráðgjafi fer þangað reglulega og er í sambandi við nemendur þar.
- h. Framhaldsdeildin á Patreksfirði – skólaakstur  
Venjulegum skólaakstri hefur verið hætt og strætó nýttur í staðinn. Spurning hvort það verði einnig raunin hér á næsta ári og að strætisvagnar taki við akstrinum. Hugsanlegt því að ekki verði samið áfram um rútuakstur.
- i. Húsfundur – niðurstöður frá vorfundi og haustfundi  
Verða geymdar til næsta fundar.

## 2. Átak gegn brotthvarfi

- a. Skimun  
Sótt var um styrk til átaks gegn brotthvarfi og fengust um 2.2 milljónir. Skimun gerð á nýnemum til að greina þá sem væru í brotthvarfshættu.
- b. Námskeið – Emil sálfræðingur

## 3. Samráðsfundur á Selfossi 9.-10.nóv.


Hrafnhildur fer á samráðsfund á Selfoss. Þangað koma starfsmenn úr ráðuneytinu og hitta skólameistara í framhaldsskólunum.

## 4. Rekstaráætlun

Stefna skólans – Þriggja ára plan. Allir framhaldsskólar þurfa að gera stefnu til þriggja ára og verið er að vinna að því.

## 5. Umbótaáætlun – Brýnustu verkefni

Verður geymt þar til formaður skólanefndar kemur á fund.



## 6. Heimsóknir í skólann

- a. Lucas frá Tékklandi kom í heimsókn í FSN í haust með hóp skólafólks frá Tékklandi með sér að skoða skólann.
- b. Kennarahópur frá Ástralíu kom í heimsókn. Einn þeirra hafði komið í skólann á upphafsdögum skólans.

## 7. Ráðstefnur og samstarf

- a. ESHA ráðstefna í Maastricht  
Hrafnhildur fór á ESHA ráðstefnu sem skólastjórnendasamtök í Evrópu standa fyrir. Það fóru 25 eða 26 einstaklingar frá framhaldsskólunum og nokkuð margir frá grunnskólum á Íslandi. Boðið var upp á áhugaverða fyrirlestra og heimsóttir grunnskólar fyrir nemendur frá 6 – 11 ára. Þar eru samræmd próf frá 6 ára aldri og reynist erfitt.
- b. Erasmus samstarf í Póllandi  
Sólrún er í Póllandi núna. Það er verið að búa til umsókn um styrk tvennskonar samstarf.
- c. Eccomedia í Rúmeníu  
Hrafnhildur fer á ráðstefnu í lok nóvember. Yfirskriftin er *Innovative Strategies in Educational Activities Online Learning/Distant learning*.
- d. Annað erlent samstarf  
Iðunn er í Erasmus samskiptum og ekki alveg ljóst hvað kemur út úr því á þessari stundu. Í vor kemur stór hópur frá Danmörku til að vinna með Solveigu sem kennir dönsku.
- e. Fjarmenntaskólinn  
Fjarmenntaskólinn samanstendur af þrettán skólum af þrjátíu og þremur framhaldsskólum á landinu. Það er gott að finna samstarf við minni skóla úti á landi. Símafundir eru á tveggja vikna fresti. Sólrún er starfmaður Fjarmenntaskólans. Þuríður Jóhannsdóttir lektor við HÍ er að skoða Fjarmenntaskólann sérstaklega.

## 8. Önnur mál

Hrafnhildur spyr hvernig fólki lítist á að borða saman eftir einhvern fundinn. Nefndarmönnum líst vel á það.  
Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 7. desember kl. 17 og stefnt er á að fara út að borða að fundi loknum.

Fundi slitið kl. 17:45